



Alþingi
Erindi nr. P 127/173
komudagur 21.11.2001

20. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt

Í bréfi dags. 5. nóvember 2001 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum, 134. mál.

Samkvæmt frumvarpinu yrði erfingjum heimilt að óska eftir sérstöku mati á verðmæti fasteignar. Tilefni slíkrar óskar yrði yfirleitt að erfingi teldi fasteignamat hærra en næmi líklegu söluverðmæti eignarinnar. Er gert ráð fyrir að slíkt mat verði framkvæmt á svipaðan hátt og þegar skorið er úr óvissu eða deilum um verðmæti einstakra hluta dánarbús skv. lögum nr. 20/1991. Er vísað til 17. og 18. greinar þeirra laga og annarra ákvæða í II. kafla laganna, þar sem við getur átt.

Meginefni frumvarpsins virðist eðlilegt sanngirnismál, en umræddur réttur til endurmats virðist þegar vera fyrir hendi í 31.-34. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt þessum greinum getur aðili sem á verulegra hagsmuna að gæta í matsverði fasteignar krafist endurmats Fasteignamats ríkisins á henni. Hefur hann þá jafnramt rétt til að áfrýja endurmatinu til yfirfasteignamatsnefndar.

Seðlabankinn sér ekki rök til að annar háttur sé hafður á mati fasteigna vegna erfðafjárskatts en af öðru tilefni. Hins vegar kynni að vera ástæða til að breyta lögum nr. 20/1991 um skiptingu dánarbúa o.fl. í


SEÐLABANKI ÍSLANDS


KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

þá veru að kröfum um mat á verðmæti fasteigna yrði vísað í hinn almenna farveg laga um skráningu og mat fasteigna. Væri það í anda jafnræðis og samsvörunar í meðferð sambærilegra mála. Sérstakir matsmenn skv. lögum um skiptingu dánarbúa o.fl. hafa hins vegar augljósu hlutverki að gegna við mat á öðrum eignum en fasteignum.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Finnur Ingólfsson
bankastjóri